

- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki prófað fyrir marktekt þar sem mæling byggir á þýðisgögnum
- ! Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

island.is/lydheilsuvisar

Lýðheilsuvisir		Ár	Heilbr.- umdæmi	Ísland	Eining	Austurland
Samfélag	1 Íbúafjöldi	2025	11.211	394.324	Fjöldi	
	2 Íbúafjöldi (fjölgun/fækkun)	2020-25	5,4	10,1	%	
	3 Innflytjendur, 1. og 2. kynslóð	2025	20,7	21,0	%	
	4 Frjósemi	2025	1,40	1,57	Á konu	
	5 Háskólamenntaðir	2025	26,3	37,6	%	
	6 Fjárhagserfiðleikar	2025	13,5	15,5	%	
	7 Öryrkjar	2025	8,4	10,0	%	
Lífnaðarhættir og líðan	8 Lífsánægja unglinga (8.-10. b.)	2026	57,2	57,9	%	
	9 Andleg heilsa sæmileg/léleg, framhaldssk.	2025	—	43,3	%	
	10 Einmanaleiki framhaldsskólanema	2025	—	29,0	%	
	11 Samfélagsmiðlanotkun barna (4.-5. b.)	2026	84,7	80,0	%	
	12 Tilfinningalegur stuðningur (8.-10. b.)	2026	84,8	88,6	%	
	13 Ofbeldi sl. 12 mánuði (6.-10. bekkur)	2026	29,9	25,9	%	
	14 Hreyfing samkvæmt ráðleggingum (9. b.)	2026	22,3	23,6	%	
	15 Íþróttir eða önnur röskleg hreyfing (7. b.)	2025-26	66,2	76,0	%	
	16 Virkur ferðamáti í skóla (4. b.)	2025-26	48,3	53,6	%	
	17 Orkudrykkjaneysla (10. b.)	2026	32,3	23,9	%	
	18 Morgunmatar (10. b.)	2026	49,2	46,2	%	
	19 D-vítamín (1. b.)	2025-26	49,7	49,0	%	
	20 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	2025	10,3	11,6	%	
	21 Nikótínþúðanotkun framhaldsskólanema	2025	13,2	12,3	%	
	22 Rafettunotkun (10. b.)	2026	2,7	3,6	%	
	23 Ölvunardrykkja framhaldsskólanema	2025	11,4	13,3	%	
	24 Áhættudrykkja fullorðinna	2025	10,2	20,4	%	
	25 Heilsulæsi (6., 8. og 10. b.)	2026	77,0	78,7	%	
Heilsa og sjúkdómar	26 Líkamleg heilsa sæmileg/léleg	2025	42,8	38,4	%	
	27 Andleg heilsa sæmileg/léleg	2025	34,8	30,0	%	
	28 Heilsug.heimsóknir v/geð- og atferlisraskana	2025	64,1	59,4	Á 100	
	29 Kvíðaraskanir, 6-17 ára	2025	6,7	4,6	Á 100	
	30 SSRI lyf við kvíða og þunglyndi, 6-17 ára	2025	56,1	45,6	DDP	
	31 ADHD lyfjanotkun, 6-17 ára	2025	104,5	87,3	DDP	
	32 Innlagnir vegna fíknisjúkdóma	2025	5,0	7,8	Á 1.000	
	33 Bólusetningar barna, 4 ára	2025	96,0	91,0	%	
	34 Inflúensubólusetning ≥ 60 ára	2025-26	59,6	51,8	%	
	35 Sýklalyfjaávisanir	2025	416,9	518,6	Á 1000	
	36 Þyngdarstjórnunarlyf	2025	30,5	25,9	DDP	
	37 Blóðfitulækkandi lyf	2025	128,6	116,5	DDP	
	38 Kransæðaaðgerðir	2021-25	99,1	100,8	Á 100.000	
	39 Ótímabær dauðsföll v/langvinnra sjúkdóma	2021-25	7,4	6,7	Líkur (%)	
	40 Nýgengi krabbameina	2016-25	447,5	511,0	Á 100.000	
	41 Skimun fyrir leghálskrabbameini	2025	61,0	69,6	%	
	42 Skimun fyrir brjóstakrabbameini	2025	70,3	64,8	%	
	43 Liðskiptaaðgerðir á hné	2021-25	303,5	259,8	Á 100.000	
	44 Biðlisti eftir hjúkrunarrými ≥ 80 ára	2025	23,6	30,6	Á 1.000	

Skýringar

1. Hagst 2. Hagst 3. Hagst 4. Fs. Börn á ævi konu 5. Hagst. 25-74 ára 6. Vöktun. Frekar/mjög erfið að ná endum saman 7. TR. 75% örorku- eða endurh.mat, 18-66 ára 8. ÍE. Skora 8-10 á lífsánægjukvarða 9. ÍE. 10. ÍE. Öf eða alltaf sl. 12 mán. 11. ÍE. Notaði samfélagsmiðla sl. 7 daga 12. ÍE/HBSC. Sammála/Mjög sammála 13. ÍE. Ráðist á eða lamið. 14. ÍE. Daglega 15. Ískrá. Íþróttir/regluleg hreyfing ≥ 3x í viku 16. Ísk. Ganga/hjóla daginn sem spurt var 17. ÍE ≥ 2x í viku 18. ÍE ≥ 4x í viku 19. Ísk. Lýsi/D-vítamín tekið daginn sem spurt var 20. Vöktun. ≥ 5x/dag 21. ÍE. Dagleg notkun 22. ÍE. Prófað ≥ 1x sl. 30 daga 23. ÍE. ≥ 1x sl. 30 daga 24. Vöktun. AUDIT-C sameikningur 25. ÍE. Heilsut. uppl. yfirleitt réttar/rangar 26. Vöktun 27. Vöktun 28. Sh. ICD-10: F10-F69, F90-F99 29. Sh. ICD-10: F40-F42 30. Lgg. ATC: N06AB. Aldursst. 31. Lgg. ATC: N06BA, C02AC02. Aldursst. 32. Vs. ICD-10: F10-F19 og F63. SÁÁ: Allar innlagnir 33. Bss. Uppsafnað, árg. 2018. dTaP 34. Bss. Uppsafnað, ≥ 60 ára 35. Lgg. ATC: J01. Aldursst. 36. Lgg. ATC: A10BJ. Aldursst. 37. Lgg. ATC: C10. Aldursst 38. Vsh. 2010-2014. NCSP: FNC, FND, FNE. Aldursstaðlað 39. Dms. ICD-10: I00-I99, C00-C97, E10-E14, J30-J98. 30-69 ára 40. RSKÍ. Öll mein. Aldursst. 41. Skim. Upps. mæting 23-64 ára 42. Skim. Upps. mæting 40-74 ára 43. Vsh. NCSP-IS: NGSB, NGSC. Aldursst. 44. Fhs.


Marktekt er miðuð við 95% öryggismörk (p<0,05).

Aldursstöðlun (Aldursst.) er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er túlkuð sem sú tíðni sem fengist hefði ef aldersdreifing víðeigandi svæðis væri sú sama og í staðalþýðinu (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

DDP: Skilgreindir dagskammtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Gögn: Bólusetningaskrá (Bss), Dánaraineinskrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Færni- og heilsumatsskrá (Fhs), Hagstofa Íslands (Hagst.), Ískrá (Ísk), Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍE), Lyfjagagnagrunnur (Lgg), Rannsókn- og skráningarsetur Krabbameinsfélags Íslands (RSKÍ), Samskiptaskrá heilsugæslustöðva (Sh), Samtök áhugafólks um afengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), Skimunarskrá (Skim), Tryggingastofnun ríkisins (TR), Vistunarskrá heilbrigðisstofnana (Vsh), Vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis (Vöktun).

Bandstriki (–) í stað talna í töflu er til merkis um að gögn telist ekki hæf til birtingar. Í töflu eru tölur námundaðar en ekki í útreikningum á mynd í aftasta dálki.



Svæðisbundnir lýðheilsuvísar á Íslandi

Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Birting svæðisbundinna lýðheilsuvísa er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu á hverju búsetusvæði fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísur er ætlað að auðvelda heilbrigðisþjónustu, sveitarfélögum, þ.m.t. [Heilsueflandi samfélögum](#), og öðrum hagaðilum að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan.

Hvað hefur áhrif á heilsu og líðan?

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan en sífellt kemur betur í ljós að heilsa fólks og heilbrigði jarðar helst í hendur. Góður samhljómur er þannig á milli [heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun og áhrifapátta heilbrigðis. Sumum þáttum er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifapættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði, hreyfingu og svefn og samskipti við fjölskyldu og vini. Þá geta lífsskilyrði eins og framboð, aðgengi og gæði menntunar, atvinnu, húsnæðis, heilbrigðis- og félagsþjónustu einnig haft mikil áhrif. Með því að hafa heilsu og líðan fólks að leiðarljósi í allri stefnumótun og aðgerðum má skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólum, á vinnustöðum og í samfélögum almennt, sem stuðla að betri heilsu og vellíðan allra.



Svæðisbundinn munur á heilsu

Munur á heilsu og líðan eftir svæðum er þekktur um allan heim. Til þess að draga úr þessum mun þarf að fylgjast með mælikvörðum sem gefa hann til kynna, miðla þeim áfram og styðja þannig við forgangsriðun aðgerða á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Hjá embætti landlæknis er unnið að heilsuefingu á heildrænan hátt í gegnum Heilsueflandi samfélag, Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og Heilsu-

Austurland

Hér eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir Austurland eru frábrugðnar landsmeðaltali.

- Áhættudrykkja fullorðinna fátíðari
- Þátttaka í inflúensubólusetningum ≥ 60 ára meiri
- Hlutfallslega færri íbúar 80 ára og eldri á biðlista eftir hjúkrunarrými
- Vísbending um að orkudrykkjaneysla nemenda í 10. bekk sé algengari
- Kvíðaraskanir 6-17 ára algengari og notkun SSRI lyfja við kvíða og þunglyndi 6-17 ára meiri
- Líkur á ótímabærum dauðsföllum vegna langvinnra sjúkdóma meiri

eflandi vinnustaði. Áhersla er lögð á að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan allra. Á grundvelli svæðisbundinna lýðheilsuvísa og Heilsueflandi samfélags geta sveitarfélög, heilbrigðisþjónusta og aðrir hagsmunaaðilar unnið markvisst saman að því að bæta heilsu og líðan íbúa með áherslu á samfellu og samlegðaráhrif á öllum sviðum.

Val á lýðheilsuvísu

Við val á lýðheilsuvísu er sjónum beint að þeim áhrifapáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsuefingar og forvarna. Einnig er leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta á hverju svæði geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum. Þá eru bæði innlendir og alþjóðlegar stefnur og aðgerðaáætlanir á ýmsum málafnasviðum sem snerta lýðheilsu hafðar til hliðsjónar.

Gögn

Margvísleg gögn liggja til grundvallar útreikningum lýðheilsuvísa. Notuð eru gögn frá embætti landlæknis, Hagstofu Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Íslensku æskulýðsrannsókninni, Rannsókn- og skráningarsetri Krabbameinsfélags Íslands, SÁÁ og Tryggingastofnun ríkisins. Birtar eru upplýsingar úr gögnum sem nýjust eru hverju sinni.

Til viðbótar við heilbrigðisumdæmi eru gögn einnig birt fyrir níu fjölmennustu sveitarfélög landsins. Mælaborð og nánari skýringar um lýðheilsuvísa eru á [vef embættis landlæknis](#).